

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 20. nóvember 2020

Mál nr. E-1678/2020:

Prb. Jarðbundins ehf.

(Ragnar Björgvinsson lögmaður)

gegn

Jósep Geir Guðvarðssyni

(Hilmar Magnússon lögmaður)

Dómur

Mál þetta var höfðað með birtingu stefnu þann 16. júní 2020 og tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð þann 11. nóvember sl.

Stefnandi er þrotabú Jarðbundins ehf., kt. 000000-0000, [...], [...].

Stefndi er Jósep Geir Guðvarðsson, kt. 000000-0000, [...], [...].

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að endurgreiða stefnanda skuld að fjárhæð 3.921.239 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 13.080 krónum frá 1. janúar 2018 til 2. janúar 2018, af 16.095 krónum frá þeim degi til 3. janúar 2018, af 18.712 krónum frá þeim degi til 4. janúar 2018, af 18.895 krónum frá þeim degi til 5. janúar 2018, af 22.295 krónum frá þeim degi til 6. janúar 2018, af 29.435 krónum frá þeim degi til 8. janúar 2018, af 35.430 krónum frá þeim degi til 9. janúar 2018, af 55.463 krónum frá þeim degi til 10. janúar 2018, af 61.236 krónum frá þeim degi til 11. janúar 2018, af 68.716 krónum frá þeim degi til 12. janúar 2018, af 114.140 krónum frá þeim degi til 13. janúar 2018, af 351.138 krónum frá þeim degi til 15. janúar 2018, af 354.933 krónum frá þeim degi til 16. janúar 2018, af 363.287 krónum frá þeim degi til 17. janúar 2018, af 373.825 krónum frá þeim degi til 18. janúar 2018, af 442.034 krónum frá þeim degi til 19. janúar 2018, af 466.873 krónum frá þeim degi til 20. janúar 2018, af 517.914 krónum frá þeim degi til 21. janúar 2018, af 521.243 krónum frá þeim degi til 22. janúar 2018, af 530.149 krónum frá þeim degi til 23. janúar 2018, af 535.431 krónum frá þeim degi til 24. janúar 2018, af 543.100 krónum frá þeim degi til 25. janúar 2018, af 553.680 krónum frá þeim degi til 26. janúar 2018, af 561.020 krónum frá þeim degi til 27. janúar 2018, af 572.222 krónum frá þeim degi til 28. janúar 2018, af 580.551 krónum frá þeim degi til 29. janúar 2018, af 613.795 krónum frá þeim degi til 30. janúar 2018, af 622.126 krónum frá þeim degi til 31. janúar

2018, af 624.879 krónum frá þeim degi til 1. febrúar 2018, af 647.753 krónum frá þeim degi til 2. febrúar 2018, af 679.803 krónum frá þeim degi til 3. febrúar 2018, af 682.747 krónum frá þeim degi til 4. febrúar 2018, af 691.431 krónu frá þeim degi til 5. febrúar 2018, af 693.037 krónum frá þeim degi til 6. febrúar 2018, af 709.143 krónum frá þeim degi til 8. febrúar 2018, af 715.521 krónu frá þeim degi til 9. febrúar 2018, af 721.721 krónu frá þeim degi til 10. febrúar 2018, af 729.860 krónum frá þeim degi til 11. febrúar 2018, af 734.145 krónum frá þeim degi til 12. febrúar 2018, af 743.639 krónum frá þeim degi til 13. febrúar 2018, af 761.776 krónum frá þeim degi til 14. febrúar 2018, af 780.242 krónum frá þeim degi til 15. febrúar 2018, af 1.003.472 krónum frá þeim degi til 16. febrúar 2018, af 1.008.855 krónum frá þeim degi til 17. febrúar 2018, af 1.041.420 krónum frá þeim degi til 18. febrúar 2018, af 1.054.063 krónum frá þeim degi til 19. febrúar 2018, af 1.055.562 krónum frá þeim degi til 20. febrúar 2018, af 1.056.902 krónum frá þeim degi til 21. febrúar 2018, af 1.064.747 krónum frá þeim degi til 22. febrúar 2018, af 1.071.549 krónum frá þeim degi til 23. febrúar 2018, af 1.089.276 krónum frá þeim degi til 24. febrúar 2018, af 1.107.531 krónu frá þeim degi til 25. febrúar 2018, af 1.114.134 krónum frá þeim degi til 26. febrúar 2018, af 1.132.839 krónum frá þeim degi til 18. febrúar 2018, af 1.134.134 krónum frá þeim degi til 1. mars 2018, af 1.152.222 krónum frá þeim degi til 2. mars 2018, af 1.174.372 krónum frá þeim degi til 3. mars 2018, af 1.208.617 krónum frá þeim degi til 4. mars 2018, af 1.212.218 krónum frá þeim degi til 5. mars 2018, af 1.230.832 krónum frá þeim degi til 6. mars 2018, af 1.433.527 krónum frá þeim degi til 7. mars 2018, af 1.454.631 krónu frá þeim degi til 8. mars 2018, af 1.476.656 krónum frá þeim degi til 9. mars 2018, af 1.490.477 krónum frá þeim degi til 10. mars 2018, af 1.491.817 krónum frá þeim degi til 11. mars 2018, af 1.503.407 krónum frá þeim degi til 12. mars 2018, af 1.519.242 krónum frá þeim degi til 13. mars 2018, af 1.525.652 krónum frá þeim degi til 14. mars 2018, af 1.537.996 krónum frá þeim degi til 15. mars 2018, af 1.841.973 krónum frá þeim degi til 16. mars 2018, af 1.869.424 krónum frá þeim degi til 17. mars 2018, af 1.885.271 krónu frá þeim degi til 18. mars 2018, af 1.896.796 krónum frá þeim degi til 21. mars 2018, af 1.915.432 krónum frá þeim degi til 22. mars 2018, af 1.944.690 krónum frá þeim degi til 23. mars 2018, af 1.949.937 krónum frá þeim degi til 24. mars 2018, af 1.963.067 krónum frá þeim degi til 25. mars 2018, af 1.968.511 krónum frá þeim degi til 26. mars 2018, af 1.983.700 krónum frá þeim degi til 27. mars 2018, af 1.986.423 krónum frá þeim degi til 28. mars 2018, af 1.986.523 krónum frá þeim degi til 29. mars 2018, af 1.989.496 krónum frá þeim degi til

30. mars 2018, af 1.990.795 krónum frá þeim degi til 31. mars 2018, af 1.997.335 krónum frá þeim degi til 3. apríl 2018, af 1.999.025 krónum frá þeim degi til 4. apríl 2018, af 2.009.117 krónum frá þeim degi til 5. apríl 2018, af 2.009.673 krónum frá þeim degi til 6. apríl 2018, af 2.066.664 krónum frá þeim degi til 7. apríl 2018, af 2.070.284 krónum frá þeim degi til 8. apríl 2018, af 2.073.172 krónum frá þeim degi til 9. apríl 2018, af 2.092.516 krónum frá þeim degi til 10. apríl 2018, af 2.095.895 krónum frá þeim degi til 11. apríl 2018, af 2.098.895 krónum frá þeim degi til 12. apríl 2018, af 2.105.514 krónum frá þeim degi til 13. apríl 2018, af 2.123.567 krónum frá þeim degi til 14. apríl 2018, af 2.128.154 krónum frá þeim degi til 15. apríl 2018, af 2.130.349 krónum frá þeim degi til 16. apríl 2018, af 2.329.566 krónum frá þeim degi til 17. apríl 2018, af 2.347.944 krónum frá þeim degi til 18. apríl 2018, af 2.351.414 krónum frá þeim degi til 19. apríl 2018, af 2.359.414 krónum frá þeim degi til 22. apríl 2018, af 2.362.307 krónum frá þeim degi til 24. apríl 2018, af 2.370.100 krónum frá þeim degi til 25. apríl 2018, af 2.371.200 krónum frá þeim degi til 26. apríl 2018, af 2.376.952 krónum frá þeim degi til 27. apríl 2018, af 2.390.478 krónum frá þeim degi til 28. apríl 2018, af 2.391.162 krónum frá þeim degi til 29. apríl 2018, af 2.391.381 krónum frá þeim degi til 30. apríl 2018, af 2.392.537 krónum frá þeim degi til 1. maí 2018, af 2.432.991 krónum frá þeim degi til 2. maí 2018, af 2.435.491 krónum frá þeim degi til 3. maí 2018, af 2.440.524 krónum frá þeim degi til 4. maí 2018, af 2.441.864 krónum frá þeim degi til 5. maí 2018, af 2.445.175 krónum frá þeim degi til 6. maí 2018, af 2.446.483 krónum frá þeim degi til 7. maí 2018, af 2.452.849 krónum frá þeim degi til 8. maí 2018, af 2.481.213 krónum frá þeim degi til 9. maí 2018, af 2.489.571 krónum frá þeim degi til 10. maí 2018, af 2.701.801 krónum frá þeim degi til 11. maí 2018, af 2.704.298 krónum frá þeim degi til 12. maí 2018, af 2.718.514 krónum frá þeim degi til 13. maí 2018, af 2.732.987 krónum frá þeim degi til 14. maí 2018, af 2.735.284 krónum frá þeim degi til 29. maí 2018, af 2.745.708 krónum frá þeim degi til 30. maí 2018, af 2.753.882 krónum frá þeim degi til 31. maí 2018, af 2.754.816 krónum frá þeim degi til 1. júní 2018, af 2.767.896 krónum frá þeim degi til 2. júní 2018, af 2.774.539 krónum frá þeim degi til 14. júní 2018, af 2.925.232 krónum frá þeim degi til 15. júní 2018, af 2.941.592 krónum frá þeim degi til 16. júní 2018, af 2.945.026 krónum frá þeim degi til 17. júní 2018, af 2.947.333 krónum frá þeim degi til 18. júní 2018, af 2.949.066 krónum frá þeim degi til 19. júní 2018, af 2.977.076 krónum frá þeim degi til 20. júní 2018, af 2.987.727 krónum frá þeim degi til 22. júní 2018, af 2.997.456 krónum frá þeim degi til 25. júní 2018, af 2.999.528 krónum frá þeim degi til 27. júní 2018, af

3.000.728 krónum frá þeim degi til 30. júní 2018, af 3.261.728 krónum frá þeim degi til 13. júlí 2018, af 3.461.728 krónum frá þeim degi til 27. júlí 2018, af 3.464.627 krónum frá þeim degi til 28. júlí 2018, af 3.466.227 krónum frá þeim degi til 31. júlí 2018, af 3.501.427 krónum frá þeim degi til 1. ágúst 2018, af 3.514.507 krónum frá þeim degi til 2. ágúst 2018, af 3.623.007 krónum frá þeim degi til 9. ágúst 2018, af 3.624.356 krónum frá þeim degi til 10. ágúst 2018, af 3.631.110 krónum frá þeim degi til 11. ágúst 2018, af 3.641.184 krónum frá þeim degi til 12. ágúst 2018, af 3.644.443 krónum frá þeim degi til 13. ágúst 2018, af 3.658.942 krónum frá þeim degi til 14. ágúst 2018, af 3.908.942 krónum frá þeim degi til 15. ágúst 2018, af 3.920.976 krónum frá þeim degi til 16. ágúst 2018, af 3.926.308 krónum frá þeim degi til 17. ágúst 2018, af 3.964.866 krónum frá þeim degi til 20. ágúst 2018, af 3.965.140 krónum frá þeim degi til 23. ágúst 2018, af 3.983.140 krónum frá þeim degi til 27. ágúst 2018, af 3.983.790 krónum frá þeim degi til 29. ágúst 2018, af 4.053.291 krónum frá þeim degi til 2. september 2018, af 4.132.291 krónum frá þeim degi til 5. september 2018, af 4.132.839 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum á 15.000 krónum þann 4. apríl 2018, á 8.000 krónum þann 19. apríl 2018, á 3.100 krónum þann 30. apríl 2018, á 44.000 krónum þann 1. maí 2018, á 2.500 krónum þann 2. maí 2018, á 8.000 krónum þann 3. maí 2018, á 8.000 krónum þann 5. maí 2018, á 4.000 krónum þann 7. maí 2018, á 3.000 krónum þann 8. maí 2018, á 9.000 krónum þann 14. maí 2018, á 6.000 krónum þann 16. maí 2018 og á 200 krónum þann 5. september 2018. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda. Þá krefst stefndi þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu að teknu tilliti til greiðslu virðisaukaskatts.

Málavextir og sönnunarfærsla:

Bú stefnanda var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 10. október 2019 og var Ragnar Björgvinsson skipaður skiptastjóri. Stefndi er annar stofnenda hins gjaldþrota félags, og var eigandi að 50% hlutafjár á móti 50% hluta [...], og þá sat stefndi í stjórn félagsins til 31. maí 2018, auk þess sem hann hafði prókúru á reikningum félagsins á sama tíma.

Skiptastjóri kveður að við skoðun á bókhaldi félagsins ásamt upplýsingum frá viðskiptabanka þess, hafi hann orðið þess áskynja að fjármunum stefnanda virtist hafa

verið ráðstafað til persónulegra hagsbóta fyrir stefnda, með millifærslum í heimabanka, reiðufjárúttektum í hraðbanka og notkun á viðskiptakortum félagsins í eigin þágu. Hafi hann því krafið stefnda, með bréfi dagsettu 27. desember 2019, um endurgreiðslu. Með bréfi lögmanns stefnda, dagsettu 4. febrúar 2020, var þeirri kröfu hafnað og vísað til þess að úttektirnar ættu sér eðlilegar skýringar. Skiptastjóri sendi stefnda á ný bréf, dagsett 13. mars 2020, þar sem hann áréttaði og ítrekaði kröfu sína um endurgreiðslu vegna úttekta stefnda. Í svarbréfi stefnda 24. apríl 2020 var ítrekuð afstaða stefnda.

Til sönnunar leggur stefnandi meðal annars fram afrit framangreindra bréfa og yfirlit frá viðskiptabanka stefnanda yfir notkun á viðskiptakorti stefnanda, yfirlit um úttektir reiðufjár úr hraðbönkum, yfirlit millifærslna, innborgana og hreyfinga á bankareikningi stefnanda, afrit af bréfi RSK um ábyrgð á kostnaði þrotabúsins vegna höfðunar riftunarmáls, bókun um dómkröfur og kvittanir úr bókhaldi.

Stefndi leggur meðal annars fram tilkynningu um eigendaskipti ökutækis, afrit launaseðla, rekstrar- og efnahagsreikning stefnanda 2017-2018, uppgjörsyfirlit vegna úttekta, launa og bifreiðakaupa, lista yfir einkaúttektir stefnda af viðskiptakorti stefnanda og útprentun úr bókhaldi stefnanda vegna bifreiðakaupa.

Stefndi gaf aðilaskýrslu fyrir dómi.

Málsástæður og lagarök stefnanda:

Stefnandi byggir á því að við skoðun skiptastjóra á bókhaldi og bankareikningum stefnanda hafi komið í ljós fjölmargar úttektir af fjármunum stefnanda í þágu stefnda í formi beinna millifærslna af reikningum stefnanda inn á persónulegan bankareikning stefnda, reiðufjárúttekta úr hraðbönkum og greiðslna með viðskiptakortum stefnanda á persónulegri neyslu og öðrum útgjöldum stefnda.

Stefnandi byggir á því að um sé að ræða úttektir að fjárhæð 1.313.304 krónur, í 502 úttektum, eins og nánar sé gerð grein fyrir í gögnum málsins, vegna notkunar á viðskiptakorti við kaup á vörum/þjónustu í þágu stefnda, á tímabilinu 1. janúar 2018 til og með 5. september 2018. Skiptastjóri hafi borið úttektirnar saman við fyrirliggjandi bókhaldsgögn stefnanda og í þeim fáu tilvikum þar sem nótur liggi fyrir staðfesti þær með óyggjandi hætti að um persónuleg útgjöld í þágu stefnda hafi verið að ræða, og tengist ekki með nokkrum hætti tekjuöflun stefnanda, og sé ekki hægt að telja sem hluta af eðlilegum útgjöldum stefnanda.

Þá byggir stefnandi á því að átta ólögmetar reiðufjárúttektir úr hraðbönkum hafi átt sér stað á tímabilinu 12. janúar 2018 til og með 17. ágúst 2018, samtals að fjárhæð 135.485 krónur, eins og nánar sé gerð grein fyrir í gögnum málsins.

Loks byggir stefnandi á því að stefndi hafi millifært samtals 2.573.250 krónur, í 65 millifærslum, af reikningum stefnanda inn á persónulegan bankareikning stefnda á tímabilinu 14. janúar 2018 til og með 2. september 2018, eins og nánar sé gerð grein fyrir í gögnum málsins.

Stefnandi bendir á að fyrir liggi að stefndi hafi greitt samtals 110.800 krónur, í 19 færslum, inn á bankareikning stefnanda, á tímabilinu 4. apríl 2018 til og með 5. september 2018, eins og nánar sé gerð grein fyrir í gögnum málsins, sem koma eigi til frádráttar kröfu stefnanda. Samanlagt nemi krafa stefnanda skv. framangreindu, 1.313.304 krónum + 135.485 krónur + 2.573.250 krónur, að frádregnum 100.800 krónum, eða samtals 3.921.239 krónum.

Stefnandi byggir á því að stefnda beri að endurgreiða stefnanda umkrafða fjármuni þar sem úttektirnar, í hvaða formi sem er, hafi verið í andstöðu við ákvæði XII. kafla laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Samkvæmt umræddum ákvæðum sé heimilt að greiða fé til hluthafa þegar um sé að ræða úthlutun arðs, endurgreiðslu vegna lækkunar hlutafjár eða varasjóðs eða vegna félagsslita. Við blasi að ekki hafi verið um að ræða slíkar úttektir í tilviki stefnda. Byggir stefnandi þannig aðallega á því að í öllum tilvikum hafi verið um að ræða óheimilar lánveitingar til stefnda í skilningi 1. mgr. 79. gr. laga um einkahlutafélög, sem stefnda beri að endurgreiða stefnanda ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 4. mgr. 79. gr. sömu laga. Ákvæðið feli í sér bann við hvers kyns lánveitingum til hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra einkahlutafélags, að undanskildum venjulegum viðskiptalánnum.

Stefnandi byggir á því að hvort heldur sem um sé að ræða beinar millifærslur fjármuna, úttekt reiðufjár eða greiðslur á persónulegum kostnaði, sé í öllum tilvikum um að ræða lánveitingu í skilningi framangreinds ákvæðis, og hvernig sem á málið sé litið hafi í engu tilviki getað verið um að ræða venjulegt viðskiptalán, ekki síst þegar litið sé til starfsemi stefnanda og eðlis þeirra lánveitinga sem um ræði. Fáist lán ekki endurgreidd sé sá sem framkvæmir ráðstöfun ábyrgur fyrir tapi félagsins, sbr. 5. mgr. 79. gr. laga nr. 134/1994 um einkahlutafélög, en umræddar ólögmetar ráðstafanir hafi allar verið framkvæmdar af stefnda og endurgreiðsluskylda hans því ótvíræð. Eðli úttekta stefnda

sýni að stefndi nýtti fjármunina í eigin þágu og án tengingar við hagsmuni stefnanda eða tekjuöflunarhæfi hans.

Verði ekki fallist á að um hafi verið að ræða óheimilar lánveitingar í skilningi 79. gr. laga nr. 138/1994 byggir stefnandi í öllu falli á því að um hafi verið að ræða greiðslur til hluthafa sem hafi verið í andstöðu við ákvæði laganna og þær beri að endurgreiða með vöxtum á grundvelli 77. gr. laganna.

Verði ekki fallist á að fjármunina beri að endurgreiða á grundvelli ákvæða einkahlutafélagalaga nr. 138/1994, eða að talið verði að um hafi verið að ræða lögmætt lán í skilningi laganna, styðst endurgreiðslukrafa stefnanda til vara við meginreglu kröfuréttar um efnidir fjárskuldbindinga og endurgreiðslu lána. Stefndi hafi borið ábyrgð á því að bókhald félagsins væri í góðu horfi og í samræmi við þær kröfur sem séu gerðar í lögum um bókhald nr. 145/1994, sbr. 5. gr. laganna. Með sama hætti hafi stefnda borið á grundvelli laga um einkahlutafélög að sjá um að nægilegt eftirlit væri með bókhaldi félagsins. Í þeim tilvikum þar sem ekki hafi verið að finna reikninga fyrir umræddum útgjöldum, sem var í næstum öllum tilvikum, sé það stefndi sem beri hallann af því að slíkir reikningar skiluðu sér ekki í bókhald stefnanda.

Kröfu sína um dráttarvexti byggir stefnandi á því að þar sem um ólögmætar lánveitingar hafi verið var að ræða, í skilningi 1. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994, beri stefnda að endurgreiða stefnanda umrædda fjárhæð ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 4. mgr. 79. gr. laganna. Um fjárhæð dráttarvaxtakröfu stefnanda vísast til 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Til stuðnings kröfum sínum vísar stefnandi til ákvæða laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, sér í lagi 73., 77., og 79. gr. laganna og ákvæða laga um bókhald nr. 145/1994, sérstaklega 5. gr. laganna. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 5. og 6. gr. laganna. Krafa um málskostnað byggist á XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr. laganna, og varðandi varnarþing er byggt á 32. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnda:

Stefndi byggir á því að áður en til stofnunar hins gjaldþrota félags hafi komið hafi stefndi unnið einn við rafiðn sína og nýtt til þess sérstaklega útbúna Benz-sendibifreið, sem innréttuð hafi verið sem rafverkstæði. Við stofnun stefnanda hafi bifreiðin hins vegar alfarið verið nýtt í þágu félagsins og rekstur bifreiðarinnar því verið á hendi félagsins,

þótt formlegt eignarhald væri á hendi stefnda til að byrja með. Bifreiðin hafi verið skráð á félagið í október 2017, skv. samningi við stefnda, og kaupverðið ákveðið 2 milljónir króna, og þá verið tekið mið af því að hún var sérstaklega útbúin sem verkstæði auk þess sem horft var til þess að bifreiðin hafði verið nýtt af félaginu í rúmt ár án nokkurs endurgjalds til stefnda. Enginn sérstakur gjalddagi hafi verið ákveðinn, en við það miðað að úttektir stefnda úr félaginu gengju upp í söluverðið, enda um sannanlega skuld félagsins við stefnda að ræða, og félagið ekki í stakk búið til að greiða kaupverðið út í einu lagi. Hafi bifreiðakaupin verið færð í bókhald félagsins sem skuld félagsins við stefnda og bifreiðin hafi m.a. verið fyrnd á kaupári um 400.000 krónur skv. heimild í skattalögum og bókfært virði hennar í árslok 2017 skv. ársreikningi því talið 1.600.000 krónur. Í byrjun árs 2018 hafi bifreiðin orðið fyrir verulegu tjóni er hún var nýtt á verkstað, þegar hún hafi fallið nokkra vegalengd niður af grunni og á steiptan vegg. Við það hafi blaðfjaddir beggja vegna gefið sig, auk þess sem startari og viftureim eyðilögðust, og undirvagninn hafi orðið fyrir verulegu hnjaski. Viðgerðarkostnaður hafi verið áætlaður varlega um ein milljón króna og úr orðið að stefndi leysti til sín bifreiðina fyrir 300.000 krónur í febrúar 2018, en hún standi enn óviðgerð við hesthúsin að Heimsenda í Kópavogi. Endurkaupsverðið hafi endurspeglast í aldri, viðgerðarkostnaði og því að innréttingar og tæki bifreiðarinnar til nota sem rafverkstæði fylgdu ekki með við sölu. Stefndi hafi ekki greitt kaupverðið með reiðufé, heldur hafi það verið fært til skuldar hans við stefnanda og þar með til lækkunar á kröfum hans á hendur stefnanda, sem hafi þá verið mun hærri en endurkaupsverðið.

Stefndi bendir á að hann hafi verið á launum hjá félaginu fyrstu sex mánuði ársins 2018, sbr. framlagða launaseðla og staðgreiðsluskrá RSK. Útgáfa launaseðla og tilkynningar til skattsins hafi verið í höndum bókhaldsstofunnar Alex ehf., sem jafnframt hafi séð um að færa bókhald félagsins. Samkvæmt staðgreiðsluskrá stefnda um laun og afdregna staðgreiðslu stefnda, sem launagreiðandi hafi gert skil á, sé ósamræmi miðað við það sem fram komi í stefnu málsins um að hvorki hafi verið innt af hendi lífeyrisgreiðslur né staðgreiðsla á umræddu tímabili, þ.e. fyrstu sex mánuði ársins 2018. Á sama tíma hafi stefndi selt fyrir stefnanda þjónustu að andvirði a.m.k. 5.965.889 krónur skv. þeim reikningum sem höfðu þá verið bókfærðir í bókhaldi stefnanda.

Hvað varðar úttektir stefnda, þ.e. beinar millifærslur peninga, úttektir úr hraðbanka og notkun á viðskiptakorti félagsins, bendir stefndi á að stór hluti kortaúttekta hafi varðað rekstur stefnanda beint, en að öðru leyti hafi verið um úttektir að ræða vegna

launa sem stefndi naut hjá stefnanda svo og greiðslna sem gengu upp í kröfur stefnda á hendur stefnanda, sem aðallega stöfuðu af skuld vegna sölu bifreiðar, líkt og áður sé rakið. Eins og fyrirbyggjandi staðgreiðsluskrá beri með sér hafi nettólaun stefnda hjá stefnanda á árinu 2018 verið 1.231.434 krónur, þ.e. eftir að skattar og lífeyrissjóðsiðgjöld höfðu verið dregin frá heildarlaunum. Það ásamt söluverði bifreiðar geri samtals 3.231.434 krónur, sem sé mun hærri fjárhæð en sem nemi endurkaupsverði bifreiðarinnar að fjárhæð 300.000 krónur og millifærslum af bankareikningi stefnanda á reikning stefnda sem voru samtals 2.462.459 krónur þegar frá hafi verið dregnar innborganir stefnda að fjárhæð 110.800 krónur, svo og hraðbankaúttektir sem námu 135.485 krónum.

Varðandi notkun stefnda á viðskiptakorti félagsins þá leggi stefndi fram yfirlit þar sem fram koma úttektir hans, sem telja verði einkaúttektir er ekki koma rekstri félagsins við og séu unnar upp úr framlögðu dómskjali sem sýni úttektir stefnda á viðskiptakortinu á árinu 2018. Úttektir stefnda sem ekki geti talist varða beint rekstur félagsins nemi skv. yfirlitinu samtals 282.663 krónum. Aðrar úttektir tengist hins vegar rekstri félagsins, en aðallega sé um að ræða fæðiskostnað vegna hádegis- og kvöldverðar, en einatt hafi verið unnið að verkum utan starfsstöðvar stefnanda og langt fram á kvöld. Þá séu úttektir á bensínstöðvum vegna reksturs bifreiðar og greiðslur til Reebok sem væri líkamsræktarstyrkur félagsins til stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að stefnandi eigi ekki neina fjárkröfu á hendur honum, og að þeir fjármunir sem gengu til stefnda eigi sér eðlilegar skýringar, þar sem um hafi verið að ræða greiðslur vegna lögmætra krafna sem stefndi hafi átt á hendur stefnanda, eða úttektir sem hafi staðið í beinum tengslum við rekstur stefnanda. Stefndi hafi hvorki tekið fjármuni að láni hjá stefnanda né hafi verið um greiðslur að ræða til stefnda sem hluthafa. Þá hafi úttektir á viðskiptakorti ekki verið nýttar til persónulegra nota stefnda, nema í einstaka tilfellum.

Stefndi byggir á því að úttektir stefnda hjá stefnanda upp að fjárhæð 1.231.434 krónur hafi verið greiðsla á launum, sem hann hafi átt rétt á frá félaginu, enda hafi stefndi verið launþegi hjá stefnanda og unnið í þágu hans. Óumdeilt sé að stefndi hafi verið á launaskrá hjá stefnanda og skráður sem slíkur á launagreiðendaskrá hjá RSK. Launaseðlar hafi verið gefnir út vegna vinnu stefnda fyrstu sex mánuði ársins 2018 og tilkynningar sendar RSK vegna staðgreiðslu launa og lífeyrissjóðsiðgjalda. Ranglega komi fram í stefnu að launaseðlar hafi ekki verið gefnir út. Í því sambandi skipti vissulega engu hvort launagreiðandi, sem haldið hafi eftir staðgreiðslu og iðgjöldum, hafi gert skil

á þeim í ríkissjóð, en slíkt útiloki ekki réttmæta launakröfu stefnda sem endurgjald fyrir veitt vinnuframlag. Byggir stefndi á því að stefnandi hafi notið endurgjalds vegna vinnu stefnda, enda gefi ársreikningar til kynna að seld þjónusta hafi numið verulegum fjárhæðum, en einungis hafi verið um vinnuframlag stefnda að ræða á því tímabili. Þá bendir stefndi á að laun hafi ekki verið greidd reglulega út við lok hvers mánaðar, heldur hafi hann fengið greitt eftir því sem aðstæður stefnanda leyfðu. Engin skylda hafi hvílt á stefnanda að greiða laun í einu lagi við lok hvers vinnumánaðar eins og hér háttaði til. Sé slíkt heimilt skv. ákvæðum í almennum kjarasamningum sem gilda á vinnumarkaðnum og beri því að skoða greiðslur til stefnda, að því marki sem launakröfur hans nema, sem greiðslu á vinnulaunum og sem stefnda beri fráleitt að endurgreiða stefnanda. Þá sé ekki heimilt að lögum að skuldajafna slíkum greiðslum við aðrar kröfur er stefnandi kunni að eiga.

Stefndi byggir jafnframt á því að hann hafi átt kröfu á hendur stefnanda vegna kaupa félagsins á bifreið sem hafi verið í eigu stefnda, að fjárhæð 2.000.000 króna. Bifreiðakaupin hafi átt sér stað í október 2017 og verið skráð hjá Samgöngustofu 1. desember sama ár. Hafi kaupin jafnframt verið bókfærð í bókhaldi stefnanda og kaupverðið fært til skuldar við stefnda líkt og framlögð gögn sýni. Þá hafi bifreiðin verið fyrnd í samræmi við skattalög á kaupári. Stefndi hafnar því alfarið að um einhvers konar málamyndagering hafi verið að ræða, líkt og skiptastjóri í stefnanda hafi haldið fram. Bifreiðin hafi frá upphafi rekstrar stefnanda verið nýtt í hans þágu án nokkurs endurgjalds, fram að því að hún var seld stefnanda. Bifreiðin hafi verið nauðsynleg í rekstri stefnanda, og ljóst að stefnandi hefði átt erfitt með að sinna verkefnum án bifreiðarinnar. Kaupverðið hafi verið ákveðið í samræmi við verð sambærilegra bifreiða á þeim tíma sem notkun hennar í þágu stefnanda hófst og tekið tillit til þess að hún var þá innréttuð sem verkstæði. Hafi stefnandi ekki sýnt fram á með nokkrum hætti að kaupverðið hafi verið óeðlilegt á þessum tíma, en fyrirliggjandi yfirlýsing frá Vinnuvélum tækjamiðlun ehf. staðfesti að kaupverðið hafi verið eðlilegt, en umrætt félag hafi með höndum milligöngu um sölu atvinnubifreiða.

Stefndi bendir á, svo sem að framan sé rakið, að bifreiðin hafi orðið fyrir verulegu tjóni í upphafi árs 2018 og ónothæf til verka, en fyrir liggi m.a. tilboð umboðsaðila bifreiðarinnar um viðgerðarkostnað. Stefnandi hafi ekki treyst sér til að standa að viðgerð á bifreiðinni og svo farið að stefndi leysti til sín bifreiðina. Kaupverðið hafi tekið mið af ástandi bifreiðarinnar og því að rafverkstæði hennar hafði verið fjarlægð úr henni fyrir

sölu. Hafi stefndi boðið stefnanda að taka aftur við bifreiðinni án þess að við því hafi verið brugðist, en endurkaupsverðið hafi dregist frá skuld stefnanda við stefnda. Hraðbankaúttektir stefnda að fjárhæð 135.485 krónur hafi sömuleiðis farið til lækkunar á kröfum stefnda á hendur stefnanda, og beri því ekki að endurgreiða þær til stefnanda.

Stefndi hafnar því að greiðslur skv. viðskiptakorti sem stefndi hafði hjá stefnanda séu óviðkomandi stefnanda og því beri að skoða þær allar sem einkaúttektir stefnda. Kortaúttektir stefnda hafi numið samtals 1.313.304 krónum skv. framlögðu yfirliti. Langstærsti hluti þeirra tengist beint rekstri stefnanda, en einungis lítil hluti úttekta séu einkaúttektir stefnda. Líkt og greina megi á úttektum með kortinu þá séu þær að langmestu leyti bensín- og matarúttektir á bensínafgreiðslustöðum og veitingastöðum í hádeginu og á kvöldin, en stefndi hafi einatt unnið langt fram á kvöld í verkum sínum fyrir stefnanda utan starfsstöðvar, og hafi stefnanda borið að sjá honum fyrir fæði við þær aðstæður. Samkvæmt meðfylgjandi lista, sem stefndi hafi unnið, sé viðurkennt að úttektir í vínbúðum og rafrettu búðum tengist ekki rekstri félagsins auk úttekta erlendis og örfárra úttekta á vínveitingastöðum, sem ekki tengdust tekjuöflun fyrir stefnanda. Samkvæmt mati stefnda séu fjárhæðir þær sem um ræðir og telja megi til einkaúttekta samtals 282.663 krónur. Þessar úttektir stefnda gangi með sama hætti og aðrar úttektir til lækkunar á kröfum stefnda á hendur stefnanda, en skv. framlögðu yfirliti stefnda megi sjá að þegar tekið hafi verið tillit til launa stefnda og uppgjörs bifreiðakaupa eigi stefndi í raun inni hjá stefnanda 50.836 krónur.

Stefndi áréttar að í bréfaskiptum við skiptastjóra hafi lögmaður stefnda byggt á því að úttektir stefnda, að því marki sem þær snertu ekki rekstur stefnanda, hafi gengið til lækkunar á kröfum stefnda á hendur stefnanda m.a. vegna sölu bifreiðar og launa. Stefnandi hafi í máli þessu kosið að krefja stefnda um endurgreiðslu fjármuna á þeim grunni að um ólögmetar lánveitingar hafi verið að ræða eða greiðslur til hluthafa, hvort tveggja í andstöðu við ákvæði einkahlutafélagalaga. Stefnandi hafi á engan hátt í málalíbúnaði sínum hrakið þann málalíbúnað sem stefndi hafi frá upphafi byggt á og hafnar stefndi því að umræddar greiðslur til hans hafi gengið gegn ákvæðum einkahlutafélagalaga, enda hvorki um ólögmetar né lögmetar lánveitingar til hans að ræða. Stefnandi hafi á hinn bóginn léð stefnanda tekjuöflunarhæfi sitt gegn endurgjaldi og jafnframt lánað stefnanda verulegar fjárhæðir í tengslum við áðurnefnd bifreiðakaup.

Stefndi hafnar því að bókhald stefnanda hafi ekki verið í góðu horfi, enda fært af bókhaldsskrifstofu, sem hafi séð um gerð ársreikninga og framtals. Svo sem greina megi

af framlögðum rekstrar- og efnahagsreikningi hafi bifreið sú sem stefnandi hafi keypt af stefnda verið færð til eignar í efnahagsreikningi og afskrifuð á kaupári um 400.000 krónur eins og sundurliðun með reikningum beri glögglega með sér. Þá megi greina af sundurliðun að á árinu 2018 skuldaði stefnandi eiganda sínum, þ.e. stefnda, 2.352.114 krónur, sem að meginstefnu til sé tilkomið vegna umræddra bifreiðakaupa.

Stefndi áréttar að mál þetta sé ekki höfðað til riftunar umræddra greiðslna og endurgreiðslu þeirra skv. ákvæðum gjaldþrotaskiptalaga, t.d. greiðslur til nákominna, greiðslu skuldar með óvenjulegum greiðslueyri eða greiðslur sem skertu greiðslugetu þrotamanns verulega eða vegna óheimilaðar skuldajafnaðar. Komi ákvæði XX. kafla gjaldþrotalaga þannig ekki til skoðunar í þessu máli og á þeim verður ekki byggt.

Stefndi bendir á að fjárhæð dómkröfu sé ekki í samræmi við þann grundvöll sem lagður sé að henni í stefnu. Í stefnu á bls. 18-19 sé að finna yfirlit yfir kröfugerðina, þ.e. úttektir og millifærslur til stefnda að frádregnum innborgunum sem séu skv. bankayfirliti samtals 110.800 krónur, sbr. 5. kafla í stefnu. Hins vegar virðist sem við útreikninginn séu einungis dregnar frá 100.800 krónur og ætti höfuðstóll dómkröfu skv. því að vera 3.911.239 krónur. Stefnandi hafi í stefnu viðurkennt umræddar innborganir í dómkröfukafla málsins auk þess sem þær styðjast við óyggjandi gögn.

Dráttarvöxtum er sérstaklega mótmælt en krafa þess efnis hafi fyrst komið fram í stefnu. Í bréfum skiptastjóra til stefnda og lögmanns hans hafi einungis verið áskilinn réttur til dráttarvaxta án þess að frekari grein væri gerð fyrir þeim. Að minnsta kosti verði ekki hægt að krefjast dráttarvaxta fyrr en í fyrsta lagi frá 27. janúar 2020, sem sé mánuði eftir fyrsta kröfubréf þótt ekki felist í því nein viðurkenning stefnda á greiðslu þeirra.

Þá bendir stefndi á að verði einhver hluti greiðslna til stefnda talin hafa farið fram andstætt ákvæðum laga um einkahlutafélög og sem stefndi eigi að endurgreiða, ber skv. 77. gr. laganna að miða við vexti jafnháa hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsreikningum. Krafa stefnanda um vexti fullnægi ekki þeim áskilnaði, sbr. og ákvæði vaxtalaga, og telur stefndi við svo búið óhjákvæmilegt annað en að vísa vaxtakröfunni frá dómi ex officio vegna vanreifunar. Verði fallist á fjárkröfur stefnanda þá beri að dæma dráttarvexti frá þingfestingardegi málsins. Bendir stefndi einnig á það að dráttarvaxtakrafa málsins sé röng en svo virðist sem dráttarvaxta sé krafist af höfuðstól sem ætti að vera 4.022.039 krónur að teknu tilliti til innborgana stefnda.

Stefndi vísar til almennra reglna kröfu-, samninga- og vinnuréttar um greiðslu og uppgjör launa og að gerða samninga skuli efna. Þá vísar stefndi vegna dráttarvaxta til

laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefndi til XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 130. gr. laganna, en stefndi er ekki virðisaukaskattsskyldur aðili og ber því að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar.

Forsendur og niðurstaða:

Stefnandi byggir á því að úttektir og millifærslur stefnda af reikningi stefnanda, að fjárhæð 3.921.239 krónur, að teknu tilliti til innborgana stefnda, hafi verið ólögmetar lánveitingar í skilningi 1. mgr. 79. gr. eða greiðsla til hluthafa, sbr. 77. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, eða að fjárhæðina beri að endurgreiða samkvæmt meginreglu kröfuréttar um efnidir fjárskuldbindinga og endurgreiðslu lána. Ekki virðist ágreiningur um fjárhæðir úttekta og/eða millifærslna, þótt aðila málsins greini á um það hvort þær hafi verið í þágu stefnanda eða stefnda.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi skuldað honum 2.000.000 króna vegna kaupa stefnanda á bifreið, og þá hafi stefndi átt rétt til launa vegna vinnu sinnar fyrir stefnanda, sem hafi numið 1.231.434 krónum eftir að skattar og lífeyrissjóðsiðgjöld hafi verið dregin frá. Samkomulag hafi verið við stefnanda um að stefndi mætti taka út framangreinda skuld og laun í formi úttekta og/eða millifærslna.

Í gögnum málsins er afrit tilkynningar, móttækinni af Samgöngustofu 1. desember 2017, um sölu stefnda á bifreiðinni [...] til stefnanda, og var söluverðið 2.000.000 króna. Í gögnum málsins er einnig bókunarfærsla þar sem bifreiðin er eignafærð hjá stefnanda þann 1. október 2017, að fjárhæð 2.000.000 króna, og bókað að stefnandi skuldi stefnda 2.000.000 króna. Í ársreikningi stefnanda árið 2017 kemur fram að þann 31. desember 2017 hafi rekstrarfjármunir numið 1.600.000 krónum eftir 400.000 króna afskrift, og viðskiptaskuldir hafi numið 5.620.974 krónum. Í sundurliðun viðskiptaskuldar í rekstrarreikningi kemur fram að 2.350.917 krónur af þeim 5.620.974 krónum, hafi verið viðskiptaskuld stefnanda við eigendur. Samkvæmt framangreindum gögnum skuldaði stefnandi stefnda a.m.k. 2.000.000 króna í upphafi ársins 2018.

Samkvæmt tilkynningu, móttækinni af Samgöngustofu 23. apríl 2018, þá keypti stefndi bifreiðina aftur af stefnanda þann 1. febrúar 2018, skemmda að hans sögn, á 300.000 krónur. Engar forsendur eru í þessu máli til að rengja það kaupverð. Stefndi ber að kaupverðið hafi ekki verið greitt, heldur fært til lækkunar á kröfum hans við stefnanda. Engin gögn liggja fyrir um það í málinu að stefnandi hafi greitt stefnda þær 1.700.000 krónur sem þannig stóðu eftir af kaupverði bifreiðarinnar.

Stefndi lagði fram afrit launaseðla frá 1. janúar 2018 til og með 30. júní 2018, og yfirlit skilagreinar staðgreiðslu til RSK fyrir sama tímabil. Samkvæmt þeim gögnum átti hann rétt á útborguðum launum, 205.239 krónum á mánuði, eða alls 1.231.434 krónum á tímabilinu. Af hálfu stefnanda hefur ekki verið sýnt fram á að launin hafi verið greidd sérstaklega, eða verður það séð af framlögðum yfirlitum bankareiknings.

Eins og fram er komið byggir stefndi á því að samkomulag hafi legið fyrir um að hann hafi mátt taka út framangreinda skuld og laun, með úttektum af viðskiptakorti stefnanda, sem hann hafði prókúru fyrir, og með millifærslum. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að það samkomulag hafi ekki verið til staðar, eða að sá háttur á útborgun launa sé með einhverjum hætti óheimill. Verður því fallist á skýringu stefnda að þessu leyti.

Stefndi bar fyrir dómi að hann hefði ekki fylgst með stöðu úttekta með öðrum hætti en að hún hafi verið í kollinum á honum, og að hann hafi ekki vitað stöðuna á hverjum tíma. Að mati dómsins verður með engum hætti fullyrt af gögnum málsins hverjar af nánar tilgreindum úttektum og/eða millifærslum hafi verið í þágu stefnanda og hverjar í þágu stefnda. Stefndi hefur viðurkennt að einhverjar þeirra hafi verið í eigin þágu þótt þær hafi verið teknar út af reikningi stefnanda. Stefndi virðist lítið hafa haldið utan um kvittanir og nótur, og ekki sundurliðað hvað var í hans þágu, og ætti því að koma til frádráttar framangreindri skuld stefnanda við hann eða sem laun, þótt það hafi staðið honum næst. Þá hefur stefndi upplýst að hann hafi lítið svo á að hann ætti enga kröfu á hendur þrotabúinu, þrátt fyrir að bróðurparturinn af úttektum af viðskiptakorti hafi að hans sögn verið í þágu stefnanda, og hefði samkvæmt því ekki átt að koma til frádráttar skuld eða óborguðum launum. Sá framburður stefnda að í flestum tilfellum hafi úttektir af viðskiptakorti verið rekstrarkostnaður stefnanda, fær enga stoð í rekstrarreikningi ársins 2018, sem stefndi lagði sjálfur fram. Ber því að mati dómsins að álykta að allar tilgreindar úttektir og/eða millifærslur hafi verið í þágu stefnda, sem koma eigi til frádráttar skuld stefnanda við hann eða sem laun stefnda, eins langt og það nær. Eins og mál þetta liggur fyrir dóminum verður með engum hætti tekin afstaða til þess hvort sá frádráttur geti verið riftanlegur eftir ákvæðum XX. kafla laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, eins og virðist hafa verið upplegg málsins, sbr. samþykki RSK fyrir höfðun riftunarmáls.

Að öllu framangreindu virtu verður að leggja til grundvallar að stefndi hafi með framangreindum hætti, sem prókúruhafi á reikningi stefnanda, veitt sjálfum sér lán með umræddum úttektum og/eða millifærslum, andstætt ákvæðum 1. mgr. 79. gr. laga nr.

138/1994 um einkahlutafélög, að því leyti sem þær námu hærri fjárhæð en skuld stefnanda við stefnda og ógreiddum launum stefnda.

Samkvæmt framangreindu námu eigin úttektir og/eða millifærslur stefnda af reikningi stefnanda á tilgreindu tímabili samtals 3.921.239 krónum. Til frádráttar kemur 1.700.000 króna skuld stefnanda við stefnda vegna bifreiðaviðskipta, og ógreidd laun stefnda að fjárhæð 1.231.434 krónur, eða samtals 2.931.434 krónur. Samkvæmt þessu hefur stefndi tekið 989.805 krónum meira út hjá stefnanda en hann átti inni hjá honum. Verður stefnda gert að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð ásamt dráttarvöxtum, sbr. 4. mgr. 79. gr. laga nr. 138/1994.

Hvað varðar upphafsdag dráttarvaxta verður ekki ráðið af gögnum málsins hvenær framangreind lántaka hófst. Þá var af hálfu stefnanda ekki gerð krafa á hendur stefnda um greiðslu dráttarvaxta fyrr en í stefnu. Með vísan til 4. mgr. 5. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu verður stefnda gert að greiða dráttarvexti af höfuðstól endurgreiðslunnar, frá höfðun málsins þann 16. júní 2020 til greiðsludags.

Í bréfi lögmanns stefnda til skiptastjóra, dags. 24. apríl 2020, sem sent var í framhaldi af endurgreiðslukröfu skiptastjóra, var með svipuðum hætti og í niðurstöðu málsins nú, upplýst að óútskýrðar úttektir stefnda næmu um einni milljón króna. Með hliðsjón af því, og samkvæmt 1. og 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem hæfilegur þykir 350.000 krónur.

Bogi Hjálmtýsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Jósep Geir Guðvarðsson, greiði stefnanda, þrotabúi Jarðbundins ehf., 989.805 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 16. júní 2020 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 350.000 krónur í málskostnað.

Bogi Hjálmtýsson

Rétt endurrita staðfestir:
Héraðsdómur Reykjaness, 20. nóvember 2020